

8. Sauðfjárræktin

María Svanþrúður Jónsdóttir og Sigurður Þór Guðmundsson

Sauðfjárræktarfélagin

Skýrsluhald fjárræktarfélaganna fyrir skýrsluárið 2009-2010 var með svipuðum hætti og árið áður, aðeins fjölgaði félagsmönnum á svæði BSSP en hin svæðin stóðu í stað. Skil á vor- og haustbókum voru heldur betri en árið áður, en þó voru fáeinir sem ekki stóðu sig í þeim efnum. Notendum að Fjarvis.is fjölgaði enn á árinu og gengur mjög vel að nota það kerfi. Skýrslufærðum ám fjölgaði á öllu starfssvæðinu í takt við fjölgun félagsmanna en afurðapróun var breytileg eftir félögum og svæðum samkvæmt meðfylgjandi töflum.

Á aðalfundi BSE árið 2011 voru sauðfjárræktarverðlaunin veitt Árna og Borghildi í Stóra-Dunhaga, sjá nánar í aðalfundargerð BSE.

Á aðalfundi BSSP árið 2011 var verðlaunagripurinn Heiðurshornið veittur í fimmta sinn og nú Agnari Kristjánssyni, en næst á eftir komu Félagsbúið Baldursheimi 1, Eyþór Pétursson Baldursheimi 2, Hrafnhildur Kristjánsdóttir Grænavatni 2, og Bergþóra Eysteinsdóttir á Arnarvatni 4.

Á fundinum voru einnig veitt í þriðja sinn verðlaun BSSP til þess sauðfjársýningar sem þótti skara fram úr árið 2010 en þar varð Agnar Kristjánsson í Norðurhlíð hlutskarpastur annað árið í röð. Næst á eftir honum komu Sveinbjörn Þór Sigurðsson á Búvöllum, Ásvaldur og Laufey á Stóru-Tjörnum, Þröstur Jónasson á Sílalæk og Böðvar og Linda í Ysta-Hvammi.

Sauðfjársýningar

Hrútasýningar

Á svæði BSE voru haldnar tvær hrútasýningar. Fjárræktarfélagið Neisti í Hörgárdal hélt sýningu í reiðhöllinni Björgum 23. september og komu þar 34 veturgamlir hrútar og 25 lambhrútar, dómarrar voru Ari Teitsson og Sigurður Þór Guðmundsson. Efstur í hópi veturgamalla hrúta stóð Sómi 09-102 frá Syðri-Bægisá undan Bjarna 08-099, í 2. sæti var Djákni 09-316 frá Neðri-Rauðalæk, 3. sæti Jolli 09-101 frá Syðri-Bægisá. Í hópi lambhrúta var í 1. sæti Sámur 10-551 frá Neðri-Rauðalæk undan Lambás 08-100, í 2. sæti var Kraftur 10-253 frá Sigurði á Brakanda og í 3. sæti var Smyrill 10-193 frá Stóra-Dunhaga.

Fjárræktarfélag Öngulsstaðahrepps hélt sýningu 10. október og komu þar 8 veturgamlir hrútar og 10 lambhrútar, dómari var Sigurður Þór Guðmundsson. Efstur stóð hrútur nr. 09-035 frá Rifkelsstöðum 2b, í 2. sæti var Fannar 09-384 frá Bringu og í 3. sæti Borat 09-345 frá Brúnum. Í hópi lambhrúta stóðu í 1. sæti Gormur 10-342 frá Bringu undan Brúnó 09-346, í 2. sæti Ásapór 10-412 frá Rifkelsstöðum 1, í 3. sæti Dólgur 10-373 frá Bringu.

Auk þessa var nokkuð um dóma á veturgömlum hrútum heima á bæjum.

Á svæði BSNP var gerð sú nýbreytni að boðað var til einnar sameiginlegrar hrútasýningar á Svalbarði fyrir allt svæðið austan Jökulsár og menn voru hvattir til að koma aðeins með sína allra bestu hrúta og jafnframt hver með sinn besta lambhrút til að keppa um hver ætti þann besta í þeim flokki líka. Sýningin var haldin 3. nóvember og var mæting þokkaleg miðað við að veður var óhagstætt og dró það úr þátttöku. Dómarrar á þessari sýningu voru Sigurður Þór og María Svanþrúður. Þar sem óvissa var fyrir um haustið um hrútasýningar var búið að dæma talsverðan hluta af fullorðnu hrútunum um haustið heima á bæjum. Efstur í röðun veturgamalla hrúta á sýningunni var Kubbur 09-775 í Klifshaga 2 undan Drelli 08-103 frá Svalbarði. Næstir komu Karri 09-152 og Lói 09-151 á Bjarnastöðum, Drommi 09-204 í Sveinungsvík, Lykill 09-324 í Laxárdal,

Þráður 09-153 á Hagalandi og Geisli 09-776 í Klifshaga 2. Röðun var óhemju vandasöm enda hrútarnir jafnir á stigabilinu 87-87,5 stig.



Ekki varð vandinn minni þegar kom að því að raða upp lambhrútunum enda feikna föngulegur hópur. Efstur var settur lambhrútur 10-235 í Hafrafellstungu undan Kambi 08-107, þá 10-150 á Hagalandi undan Búra 09-165 í Sandfellshaga 2, þriðji var 10-260 í Flögu undan Hákonu 08-261 og fjórði í röðun 10-105 á Svalbarði undan Ými 09-105.

Þorsteinshrúturinn fór þetta árið til Eyvindar og Gunnars á Hagalandi fyrir hrútinn Þráð 09-153 en

hann er undan Kveik 05-965 og Skálm 05-529 Lóðadóttur. Þessi hrútur hafði yfirburði yfir aðra þegar kom að stigun og einkunnum fyrir sláturlömb og fékk í heildareinkunn 106,34 sem er hæsta einkunn sem reiknuð hefur verið skv. núgildandi reglum. Næstir Þræði komu Rjómi 09-099 í Lóni 2, Ýmir 09-105 á Svalbarði og Messi 09-285 á Þverá.



Líflambaskoðun og uppgjör afkvæmarannsókna

Á svæði BSE voru skoðuð og dæmd ríflega 5.500 lömb sem er áframhaldandi aukning á milli ára. Með skráða dóma í Fjárvís voru 3.254 gimbrar og 742 hrútar. Þar af voru 154 hrútar með 85 stig eða meira og 30 hrútar með bakvöðva 35 mm eða meira. Tveir hrútar mældust með 38 mm bakvöðva. Ein gimbur náði 39 mm bakvöðva og 68 höfðu 35 mm eða meira. Almennt verður að segjast að gerðarmatið batnar, fitan minnkar ekki jafn hratt og menn hefðu vonað, en vænleiki var lítt breyttur á milli ára. Stigahæsti lambhrúturinn í ár með 88,5 stig var Faldur 10-205 frá Staðarbakka, undan Sokka 07-835 og Báru 08-874, Garðsdóttur 05-802. Í öðru sæti var Toppur 10-620 frá Svertingsstöðum með 88 stig. Í þriðja sæti var Þristur 10-670 frá Grýtubakka 1 með 87,5 stig. Afkvæmarannsóknir voru gerðar á 9 bæjum fyrir 66 hrúta og má sjá niðurstöður þeirra á heimasíðu Búgarðs.



Stigahæstu lambhrútar BSE 2010. Frá vinstri, Faldur 10-205, Toppur 10-620 og Þristur 10-670

Tæplega 14.000 lömb voru skoðuð í Þingeyjarsýslum þetta haustið, vænleiki var yfirleitt svipaður og árið áður en holdfylling jókst og fita minnkaði. Í Suður-Þing. voru 65 hrútar með 35 mm bakvöðva og meira, 2 þeirra yfir 40 mm. 45 hrútar voru með 86 stig og meira, þar af 2 í 88 stigum og 12 þeirra fengu 19 í læri. Tvær gimbrar voru um og yfir 40 mm bakvöðva, en liðlega 200 með 35 mm og meira. Alls voru 1.145 gimbrar með 18 og yfir í lærum, þar af 27 með 19 og yfir.

Í Norður-Þing. voru 120 hrútar með 35 mm bakvöðva eða meira, þar af 6 sem fóru yfir 40 mm. Alls 85 voru með 86 stig eða meira, þar af 3 í 88 stigum og yfir. Þá voru 150 hrútar yfir 18,5 í lærum, þar af 33 með 19 og yfir. Af gimbrunum voru 8 sem losuðu 40

mm í bakvöðva, 230 voru með 35-40 mm bakvöðva. Alls 48 gimbrar voru með 19 og meira fyrir læri, en 1.305 lágu á bilinu 18-19 fyrir læri.

Bændur leggja nú vaxandi áherslu á frjósemi og vænleika samhliða góðri gerð og minni fitu og skilar það árangri. Gerðar voru upp afkvæmarannsóknir á 13 bæjum í Suður-Þing. og 26 bæjum í Norður-Þing. með samtals 344 afkvæmahópum og vísast sem áður til heimasíðu okkar um birtingu á niðurstöðum úr þeim. Skráningar á lambadómum eru stöðugt að verða betri og má segja að 80 % af þeim séu skráðir inn í Fjávís.is, en þar má vissulega gera betur.

Hrútasöludagurinn var haldinn á Raufarhöfn og var þar á boðstólum mjög góður hrútakostur en fjöldi seldra hrúta var minni en áður og umhugsunarefni hvernig best er að standa að hrútasölnunni þar. Líflambasala var talsverð úr Norður-Þingeyjarsýslu en umræður um lungnasjúkdóma og hósta í lömbum hafa engu að síður neikvæð áhrif. Stefnir nú loksins í það að farið verði í rannsóknir á þessu fyrirbæri að hálfu MAST. Hóstinn reynist þegar nánar er skoðað leynast um allt land, þó mönnum gangi misvel að viðurkenna það.

Engin formleg afkvæmarannsókn var skipulögð fyrir sæðingastöðvarnar þetta árið, en engu að síður voru fengnir 2 hrútar á sæðingastöðvar frá Bjarnastöðum á grundvelli góðra niðurstaðna á heimabúí, en það voru þeir Jökull og Frosti. Einnig voru teknir á stöð hrútarnir Lagður á Brún og Batur í Vogum 2 og síðan Gandur frá Garðsá og væntum við góðs af öllum þessum hrútum. Fyrir árið 2011 var lagt upp með stóra afkvæmarannsókn á Sandfellshagabæjunum.

Sauðfjársæðingar

Ari Teitsson og María Svanþrúður Jónsdóttir

Sauðfjársæðingar á svæði Búgarðs tókust án teljandi vandræða á jólaföstu 2010. Stórhrið geysaði þó einn sæðingardaginn, en fyrir þrautseigju og þolinmæði þeirra sem að málinu komu nýttist sæði dagsins vonum frammar. Í heild hjálpaði einnig að vilji flestra sem að málinu komu stóð til að leysa vanda fremur en auka hann. Norður-Þingeyingar eiga sérstakar þakkir fyrir útsjónarsemi við að finna ferðir inn á sitt víðlenda svæði.

Alls voru notaðir um 3.990 skammtar af fersku sæði sem er um 1 % aukning frá fyrra ári. Nýting á pöntuðu sæði var góð í heild eða um 88 % en þó mjög misgóð eftir svæðum og voru Norður-Þingeyingar þar mjög til fyrirmyndar. Þær upplýsingar sem fyrir liggja benda til að árangur sæðinganna sé viðunandi. Að þessu sinni var sætt með djúpfrystu sæði á 2 bæjum í Núpasveit, en vísbendingar eru um að árangur af því sé verulega slakur.

Skipting sæðinga milli svæða og stöðva er nálægt því sem sjá má í töflu 12.

Tafla 12. Skipting sæðinga milli svæða og stöðva 2010.

	Borgarnes	Suðurland	Alls
N. - Þing.	463	507	970
S. - Þing.	1.055	1.298	2.353
Eyjafjörður	274	395	669
Alls	1.792	2.200	3.992

Sem fyrr voru hrútar mismunandi vinsælir og gáfu mismikið sæði. Því tókst ekki alla daga að anna eftirspurn eftir sæði úr vinsælustu hrútunum en vandræði af þeim sökum voru þó minni en oft áður. Ljóst virðist að flestir taka að vonum mark á BLUP-spám hrútanna og ráða þær einnig mestu um val nýrra hrúta á stöðvarnar.

Val á sæðingadögum er heldur ekki einfalt. Sæðingastöðvarnar gefa 15 % afslátt við magnkaup og umsjón á stærri svæðum. Þeir fjármunir þurfa að duga fyrir heimakostnaði

og því þarf að takmarka dagafjölda sem sætt er, einnig er almennur vilji til að hafa a.m.k. tvo daga samfellda hvert sinn og dreifa þarf sæðingum frá 6. til 21. des. Þá eigum við ekki kost á sæði nema ákveðna daga vikunnar frá Borgarnesi. Vonlítið er því að gera öllum til hæfis og ef til vill rétt að endurmeta nú alla framkvæmd eftir um 10 ára reynslu.

Skráningar á sauðfjársæðingum í Fjávís.is bötnuðu heldur frá fyrra ári, en mikilvægt er að allir skili inn upplýsingum um hvaða ær eru sæddar, hvenær og með hvaða hrútum svo hægt sé að meta árangur með sem skýrustum hætti.

Áhrif hósta á þroska lamba

Hósti í lömbum hefur verið nokkuð í umræðunni undanfarin ár og hafa sumir talað þannig að hann væri vaxandi vandamál og hafa verið uppi áhyggjur um að hann valdi bændum tjóni og leita þurfi leiða til að fyrirbyggja hann og/eða lækna. Af þessu tilefni ákváðu ráðunautar að framkvæma athugun á þrifum gimbra á sjö bæjum í Norður-Þingeyjarsýslu austan Jökulsár á Fjöllum 25. febrúar og 2. mars 2010. Samtals ríflega 700 gimbrar en 661 gimbur koma til uppgjors með skráðan haustþunga. Gimbrarnar voru vigtaðar, umhverfisaðstæður voru metnar, leitað eftir skýribreytum í aðbúnaði og þá var skoðað hvort nefrennsli væri líkleg skýribreyta. Þá var skráð hvort einstaka gimbur hóstaði og voru þær reknar til í húsum svo framkalla mætti viðbrögð. Til þess að meta þetta var notaður skali fyrir „horstig“ sem sést hér í töflu 13. Var gimbrunum strokið um nasirnar og nefrennslið stigað og auk þess var merkt við ef þær hóstuðu.

Tafla 13. Stigunarkvarði fyrir hornös.

Stig	Lýsing
0	Nasir þurrar og hreinar.
1	Væta þegar strokið um nasir.
2	Sjáanlegt horrensli.
3	Rennandi hor eða hrygla í öndunarvegi.
4	Rennandi hor eða hrygla í öndunarvegi, hóstar þegar er sleppt.

Niðurstöður

Meðalþungi og þynging gimbranna má sjá í töflu 14 ásamt aldri og stigun fyrir hornös.

Tafla 14. Meðalþungi, þynging, aldur og stigun fyrir hornös allra gimbra.

	Bær nr.							Allir
	1	2	3	4	5	6	7	
Haustþungi, kg	40,0	39,9	40,6	39,4	39,5	36,4	35,9	38,9
Aldur, dagar	138	125	130	125	132	118	120	128
Marsþungi, kg	50,1	50,6	47,6	46,6	44,1	48,1	42,8	47,0
Aldur, dagar	287	289	291	296	288	286	286	289
Þynging frá hausti g/dag	69	65	43	42	30	69	42	50
Meðal horstig	1,6	1,5	1,4	1,3	1,6	1,2	1,5	1,5
Hlutfall sem hóstar	12%	12%	14%	10%	8%	14%	4%	10%

Það var talsverður breytileiki á þroska gimbranna á milli bæja og má telja nokkuð öruggt að hann liggur í fóðrun þeirra og aðbúnaði. Það er gæði heyja, kjarnfóðurgjöf og gjafalagi. Þá getur þessi munur einnig stafað af aðbúnaði, s.s. loftgæðum eða hita- og

rakastigi og átplássi. Öll voru lömbin hastrúin en nokkur munur er á hve snemma það var gert og eins hversu snemma vetrar þau voru tekin á hús.

Af þessari athugun er ekki hægt að draga þá ályktun að hósti í lömbum komi niður á þroska þeirra og þyngdaraukningu. Þannig er ekki hægt að færa rök fyrir því að hósti valdi tilfinnanlegu tjóni, en hins vegar er það ekki góðra fjármanna háttur að vera ósnortinn af óþægindum fjárins. Þá má ekki gleyma því að einstaka bændur eru að missa gripi af ástæðum sem stundum má rekja til óheilbrigðis í öndunarferum og óneitanleg sést talsvert af skemmdum lungum í sláturhúsi. Það er því ljóst að frekari athugana er þörf til að átta sig betur á þessu vandamáli en þess má geta að eftir því sem rætt er við fleiri aðila sem fara víða og skoða sauðfé, s.s. ráðunauta, rúningsmenn og fósturtalningafólk þá er ekki hægt að segja að þetta vandamál sé bundið við Norður-Þingeyjarsýslu. Menn tala jafnframt um hóstandi lömb á Ströndum, Árnessýslu, Rangárvallasýslum, Húnavatnssýslum, Skagafirði, Eyjafirði og Austurlandi.



Tafla 15. Niðurstöður úr skýrslum sauðfjárræktarfélaganna 2009-2010.

Félag	Tala félags- manna	Tala áa	Reiknað kjöt eftir				Meðalfjöldi	
			tví- lembu	ein- lembu	á með lambi	hverja á	fæddra lamba	lamba til nytja
Sf. Ólafsfjarðar	2	128	38,2	18,6	32,7	30,5	1,89	1,66
Sf. Vestri Dalvíkurbyggð	19	1.582	34,2	18,9	30,5	29,1	1,83	1,70
Sf. Árskógshr. Dalvíkurb.	4	918	32,1	17,7	28,1	27,0	1,79	1,67
Sf. Skriðuhrepps Hörgárbr.	11	1.969	34,0	18,4	30,9	29,3	1,87	1,72
Sf. Neisti Hörgárbyggð	30	2.399	34,2	19,0	31,0	28,7	1,83	1,68
Sf. Hrafnagilshr. Eyjafjsv.	8	363	36,3	21,0	32,7	31,3	1,84	1,72
Sf. Freyr Eyjafjarðarsv.	6	354	36,6	19,1	32,0	27,8	1,81	1,53
Sf. Öngulsst.hr. Eyjafjsv.	12	814	35,1	19,5	31,2	28,8	1,75	1,64
Sf. Hólasóknar Eyjafjsv.	6	1.240	32,0	18,4	28,3	26,8	1,79	1,65
Sf. Svalbarðsstrandarhr.	1	149	35,6	20,4	32,1	30,8	1,88	1,80
Sf. Grýtubakkahrepps	7	2.405	31,0	17,1	28,4	27,2	1,87	1,75
<i>Samtals og meðaltal</i>	106	12.321	33,4	18,5	30,0	28,3	1,83	1,69
Árið 2008-2009	106	11.241	33,2	18,4	30,0	28,5	1,85	1,72
Sf. Hálshrepps	18	3.208	34,4	18,9	31,2	29,6	1,87	1,72
Sf. Ljósavatsnshr.	15	2.118	32,2	17,4	28,6	26,7	1,81	1,64
Sf. Vestur Bárðdæla	7	1.132	33,1	17,9	31,0	29,7	1,90	1,79
Sf. Austur Bárðdæla	9	1.794	31,7	17,9	29,0	27,4	1,81	1,70
Sf. Austri	13	1.479	34,0	18,6	31,7	29,9	1,91	1,76
Sf. Mývetninga	13	1.786	32,0	17,7	29,3	27,9	1,88	1,73
Sf. Reykdæla	13	1.849	33,1	18,4	29,9	27,9	1,82	1,67
Sf. Aðaldæla	23	3.115	32,6	17,6	30,0	29,0	1,88	1,78
Sf. Reykjahrepps	6	1.490	33,8	18,0	31,2	30,1	1,86	1,77
Sf. Tjörnesinga	9	1.452	31,4	17,7	28,5	27,5	1,86	1,73
<i>Samtals og meðaltal</i>	126	19.562	32,9	18,0	30,0	28,6	1,86	1,73
Árið 2008-2009	123	19.504	32,9	18,3	29,9	28,4	1,86	1,71
Sf. Keldhverfinga	10	2.302	32,8	18,1	29,1	27,6	1,8	1,66
Sf. Öxfirðinga	22	6.613	32,5	17,8	29,8	28,5	1,86	1,74
Sf. Sléttunga	5	2.013	32,4	17,9	28,7	27,2	1,82	1,65
Sf. Þistill	17	5.788	31,6	17,4	28,2	26,5	1,81	1,66
Sf. Langnesinga	11	3.682	31,9	17,7	28,2	26,3	1,82	1,63
<i>Samtals og meðaltal</i>	66	20.656	32,1	17,7	28,8	27,2	1,83	1,68
Árið 2008-2009	66	20.204	32,0	17,7	28,7	27,0	1,83	1,67

Tafla 16. Þeir félagsmenn, sem höfðu mestar afurðir eftir hverja á og skýrslufærðar ær 100 eða fleiri.

Skýrsluhaldari	Fjöldi áa	Reiknað kjöt eftir hverja á	Reiknuð tala fyrir		Lömb	
			kjötmat gerð	fita	fædd	til nytja
<i>BSE</i>						
Gunnar og Doris Búðarnesi Hörgársveit	226	35,4	7,38	7,33	1,89	1,84
Arnar og Kjartan Brimnesi Árskógsströnd	246	33,9	8,48	7,77	1,90	1,70
Árni Arnsteinsson Stóra-Dunhaga Hörgársveit	128	32,3	10,24	7,46	1,92	1,76
Félagsbúið Villingardal Eyjafjarðarsveit	112	31,7	9,29	6,99	1,88	1,74
Dagverðartunga ehf. Dagverðartungu Hörgársveit	139	31,6	9,08	6,94	2,05	1,89
Árni S Þórarinsson Hofi Dalvíkurbyggð	104	31,1	9,54	7,69	1,90	1,75
Hörður Guðmundsson Svertingsstöðum Eyjafjarðsveit	132	31,0	8,66	5,88	1,86	1,78
Höfðabúið Höfða 1 Grýtubakkahreppi	377	31,0	8,49	6,44	1,92	1,86
Þorsteinn Ingólfsson Gröf 2 Eyjafjarðasveit	104	31,0	7,50	5,70	1,93	1,88
Sigurður og Margrét Staðarbakka Hörgársveit	206	30,9	10,79	7,64	1,94	1,77
Páll og Halldóra Mógili Svalbarðsströnd	149	30,8	9,17	8,15	1,88	1,80
Guðmundur og Sigrún Staðarbakka Hörgársveit	249	30,7	10,85	7,57	1,97	1,78
Þór Jónsteinsson Skriðu Hörgárbyggð	106	30,6	11,28	6,61	1,88	1,71
Félagsbúið Áshóli Grýtubakkahreppi	327	30,6	8,88	6,35	1,96	1,85
<i>BSSÞ</i>						
Héðinn Sverrisson Geiteyjarströnd Mývatnssveit	244	36,5	9,73	7,49	2,09	1,95
Árman og Sigríður Vatsleysu Þingeyjarsveit	269	33,8	9,56	7,21	1,93	1,83
Jón Benediktsson Auðnum Þingeyjarsveit	223	33,3	8,42	6,77	1,93	1,82
Sæþór Gunnsteinsson Presthvammi Þingeyjarsveit	273	33,1	9,50	6,75	2,01	1,92
Halldór Árnason Garði Skútustaðahreppi	343	32,5	9,48	7,14	1,97	1,87
Árni Þorbergsson Brúnahlíð Þingeyjarsveit	270	32,1	9,29	6,54	1,94	1,90
Ásvaldur og Laufey Stóru-Tjörnum Þingeyjarsveit	109	32,1	10,47	6,45	1,94	1,75
Hermann Herbertsson Sigríðarstöðum Þingeyjarsveit	217	32,1	8,83	6,71	1,92	1,82
Guðríður Arnþórsdóttir Veturliðastöðum Þingeyjarsveit	122	32,1	9,65	7,55	1,86	1,73
Sigurður og Helga Skarðaborg Reykjahverfi	645	32,0	11,17	7,67	1,92	1,85
Benedikt Kristjánsson Hólmavaði Þingeyjarsveit	141	31,8	9,51	6,59	2,01	1,87
Aðalgeir Karlsson Múla 2 Þingeyjarsveit	169	31,4	9,12	6,93	1,95	1,85
Bergljót Þorsteinsdóttir Halldórsstöðum II Þingeyjarsveit	232	30,8	9,43	6,74	1,93	1,82
<i>BSNÞ</i>						
Félagsbúið Sandfellshaga Öxarfirði	384	34,0	10,59	8,13	2,06	1,92
Hafrafellstunga ehf. Hafrafellstungu Öxarfirði	532	31,4	11,11	7,09	1,93	1,83
Urðir ehf. Sandfellshaga Öxarfirði	462	31,4	10,75	7,61	1,94	1,87
Benedikt og Erla Þverá Öxarfirði	305	31,3	11,65	7,79	1,77	1,70
Stefán Pétursson Klifshaga Öxarfirði	395	30,9	10,49	8,01	1,91	1,78
Jón Halldór og Guðný Ærlæk Öxarfirði	497	30,6	10,59	7,48	1,84	1,80
Sverrir Möller Ytra-Lóni Langanesi	335	30,0	9,49	9,49	1,95	1,77
Einar og Guðríður Lóni 2 Kelduhverfi	402	30,0	9,71	6,07	1,88	1,74
Freyja Ingólfssdóttir Mörk Kelduhverfi	288	29,7	9,46	7,40	1,82	1,67
Gunnar og Ína Fjallalækjarseli Svalbarðshreppi	345	29,4	9,11	8,17	1,84	1,74
Gunnar og Kristín Sveinungsvík Svalbarðshreppi	426	29,4	10,41	7,33	1,83	1,68
Halldór og Elín Bjarnastöðum Öxarfirði	505	29,2	11,40	7,44	1,81	1,71
Sigurður Jens Sverrisson Hvammi II Svalbarðshreppi	338	29,1	9,19	7,33	1,84	1,77
Jakobína Björg Ketilsdóttir Kollavík Svalbarðshreppi	151	29,0	9,99	6,87	1,85	1,74

Tafla 17. Þeir félagsmenn, sem höfðu mestar afurðir eftir hverja á og skýrslufærðar ær innan við 100.

Skýrsluhaldari	Fjöldi	Reiknað kjöt eftir hverja á	Reiknuð tala fyrir		Lömb	
			kjötmat		fædd	til nytja
	áa	hverja á	gerð	fita		
<i>BSE</i>						
Jóhann Tryggvason Vöglum Eyjafjarðarsveit	6	45,7	10,00	8,78	2,17	2,17
Eiríkur S Helgason Ytra-Gili Eyjafjarðarsveit	21	43,5	10,00	9,77	2,40	2,10
Anna Guðrún Grétarsdóttir Fornhaga 2 Hörgársveit	9	41,9	9,80	7,53	2,11	2,11
Árni Magnússon Háalundi 2 Akureyri	14	37,9	9,45	8,00	2,07	1,93
Ólöf Harpa Jósefisdóttir Þrastarhóli Hörgársveit	19	37,4	9,54	6,57	2,21	2,21
Guðrún Marinósdóttir Búfelli Dalvíkurbyggð	72	36,7	11,47	8,31	1,81	1,69
Leif Lykke Mikkelsen Völlum Eyjafjarðarsveit	55	36,2	9,05	7,47	2,09	1,89
Niels Helgason Torfum Eyjafjarðarsveit	7	35,8	8,46	7,62	2,33	2,00
Þorsteinn Jónsson Samkomugerði Eyjafjarðarsveit	15	34,9	9,38	7,62	2,14	2,00
Þorleifur og Sigurbjörg Hóli Upsaströnd Dalvíkurbyggð	34	34,1	9,50	8,27	1,88	1,73
Húni Zophoníasson Litla-Hamri Eyjafjarðarsveit	28	34,0	9,28	7,33	1,96	1,89
Félagsbúið Samstaða Hlíð Fjallabyggð	31	33,2			1,81	1,61
Dunhagi sf. Litla-Dunhaga Hörgársveit	93	33,0	9,10	7,89	1,90	1,78
Símon Helgason Þverá Dalvíkurbyggð	73	32,5	8,19	7,38	2,01	1,76
Hofsárbúið sf. Hofsá Dalvíkurbyggð	67	32,5	8,54	7,18	2,06	1,88
<i>BSSÞ</i>						
Geir Árdal Dæli Þingeyjarsveit	11	41,7	9,40	10,60	2,09	1,82
Sveitasetrið Draflastöðum Þingeyjarsveit	34	39,1	8,00	7,81	2,12	1,85
Sveinbjörn Þór Sigurðsson Búvöllum Þingeyjarsveit	79	36,5	10,98	7,79	2,05	1,88
Þuríður Davíðsdóttir Hrísgarði Þingeyjarsveit	36	36,2	8,89	7,54	1,94	1,89
Gunnar Jónsson Heiðarbót Reykjahverfi	45	35,8	9,46	8,08	1,91	1,88
Þóra Ottósdóttir Stiklum Skútustaðahreppi	10	35,7	9,74	7,42	2,30	2,20
Lyngbrekkusystur Lyngbrekku Þingeyjarsveit	55	34,7	8,50	7,14	2,06	2,00
Sigurpáll Jónsson Brúnagerði Þingeyjarsveit	30	34,6	9,03	7,29	1,96	1,75
Flosi og Unnur Hrafnstöðum Þingeyjarsveit	26	34,5	11,20	7,2	2,08	1,88
Snjólaug og Kristján Hellulandi Þingeyjarsveit	17	34,3	9,88	7,25	2,00	2,00
Davíð og Gunnhildur Hrísgarði Þingeyjarsveit	47	33,8	8,75	7,25	1,91	1,81
Sigurður Pálsson Lækjavöllum Þingeyjarsveit	41	33,0	9,32	6,15	1,90	1,85
Vogabú 1 Vogum 1 Skútustaðahreppi	78	32,8	10,53	7,84	1,96	1,70
Benedikt Arnbjörnsson Bergsstöðum Þingeyjarsveit	16	32,2	9,97	6,55	2,13	1,88
<i>BSP</i>						
Brynjar Halldórsson Gilhaga Öxarfirði	8	35,6	10,08	8,31	1,75	1,75
Brynhildur Óladóttir Skeggjastöðum Bakkafirði	46	33,0	10,56	7,58	1,87	1,80
Hafliði Jónsson Bakka Bakkafirði	44	32,4	9,76	9,10	1,81	1,60
Grímur Jónsson Klifshaga Öxarfirði	43	31,0	10,54	8,12	1,74	1,72
Aðalsteinn Snæþórsson Víkingavatni Kelduhverfi	8	30,2	10,40	8,00	2,00	1,63
Árni Sigurðsson Katastöðum Öxarfirði	82	29,2	9,90	7,11	1,85	1,73

Tafla 18. Fallþungi og kjötmat sláturlamba árið 2010.

Félag	Tala sláturlamba	Meðal- fallþungi	Meðal- vöðvaflokkun	Meðal- fituflokkun
Sf. Ólafsfjarðar	149	16,92	8,26	6,95
Sf. Vestri Dalvíkurbyggð	2.591	16,83	8,96	6,86
Sf. Árskógshr. Dalvíkurb.	1.351	15,76	8,24	6,59
Sf. Skriðuhrepps Hörgárbr.	3.030	16,73	9,17	73,00
Sf. Neisti Hörgárbyggð	3.547	16,76	9,18	6,99
Sf. Hrafnagilshr. Eyjafjsv.	478	17,68	9,66	7,78
Sf. Freyr Eyjafjarðarsv.	450	17,43	9,22	6,91
Sf. Öngulsst.hr. Eyjafjsv.	1.122	17,01	8,85	6,33
Sf. Hólasóknar Eyjafjsv.	1.866	15,87	8,77	6,43
Sf. Svalbarðsstrandarhr.	224	17,45	9,17	8,15
Sf. Grýtubakkahrepps	3.974	15,36	8,35	5,93
<i>Samtals og meðaltal</i>	18.782	16,26	8,85	6,70
Árið 2008-2009	18.913	16,26	8,49	6,84
Sf. Hálsahrepps	5.031	16,82	8,76	6,66
Sf. Ljósavatnshr.	3.059	15,93	9,04	6,11
Sf. Vestur Bárðdæla	1.905	15,98	9,10	6,25
Sf. Austur Bárðdæla	2.770	15,71	8,71	6,31
Sf. Austri	2.334	16,73	9,33	6,84
Sf. Mývetninga	2.884	15,76	9,85	6,45
Sf. Reykdæla	2.783	16,41	8,84	6,26
Sf. Aðaldæla	5.135	16,10	9,27	6,41
Sf. Reykjahrepps	2.402	16,82	10,45	7,38
Sf. Tjörnesinga	2.276	15,62	9,09	6,28
<i>Samtals og meðaltal</i>	30.786	16,21	9,18	6,49
Árið 2008-2009	30.282	16,29	8,81	6,56
Sf. Keldhverfinga	3.573	16,36	9,43	6,49
Sf. Öxfirðinga	9.979	16,11	10,21	7,08
Sf. Sléttunga	2.923	16,26	9,77	7,00
Sf. Þistill	8.577	15,72	9,58	6,76
Sf. Langnesinga	5.246	15,86	9,01	6,67
<i>Samtals og meðaltal</i>	30.615	15,98	9,67	6,83
Árið 2008-2009	30.164	15,87	9,35	7,05

Tafla 19. Niðurstöður úr skýrslum yfir afurðir veturgamalla áa 2009-2010.

Félag	Tala skýrslu-haldara	Tala áa	Reiknað kjöt eftir				Meðalfjöldi	
			tví-lembu	ein-lembu	á m. lambi	hverja á	fæddra lamba	lamba til nytja
Sf. Ólafsfjarðar	3	75	35,5	17,2	18,1	9,5	0,88	0,55
Sf. Vestri Svarfaðardal	19	469	29,5	17,2	18,5	13,5	0,94	0,81
Sf. Árskógshrepps	4	187	27,5	15,2	15,8	11,1	0,88	0,74
Sf. Skriðuhrepps	11	447	27,9	16,3	17,5	9,7	0,77	0,61
Sf. Neisti Hörgárbyggð	30	570	29,8	17,3	18,6	11,2	0,87	0,66
Sf. Hrafnagilshr. Eyjafjsv.	8	88	30,9	18,1	19,2	13,7	0,95	0,77
Sf. Freyr Eyjafjarðarsv.	6	136	31,6	17,9	19,3	11,2	0,76	0,64
Sf. Öngulsst.hr. Eyjafjsv.	12	237	30,9	17,4	18,9	13,0	0,96	0,76
Sf. Hólasóknar Eyjafjsv.	5	212	29,0	16,3	17,4	14,2	0,99	0,89
Sf. Svalbarðsstrandarhr.	1	28	31,0	18,8	21,9	3,1	0,25	0,25
Sf. Grýtubakkahrepps	7	484	27,3	15,1	16,4	11,7	1,00	0,79
<i>Samtals og meðaltal</i>	106	2933	29,2	16,6	17,8	11,7	0,89	0,72
Árið 2008-2009	102	2774	29,5	16,5	18,0	12,7	0,97	0,79
Sf. Hálshrepps	19	739	28,8	16,3	17,6	10,3	0,83	0,64
Sf. Ljósavatnshr.	15	406	29,6	15,7	16,3	9,1	0,78	0,58
Sf. Vestur Bárðdæla	7	423	28	15,3	15,3	10,2	0,83	0,67
Sf. Austur Bárðdæla	9	383	25,9	15,7	16,2	10,3	0,85	0,66
Sf. Austri	13	330	29,1	16,6	18,5	9,1	0,73	0,57
Sf. Mývetninga	13	405	25,7	16,1	17,0	12,7	1,02	0,81
Sf. Reykdæla	13	456	29,5	16,5	17,8	10,1	0,82	0,63
Sf. Aðaldæla	23	730	30,4	16,4	17,3	13,5	1,06	0,83
Sf. Reykjahrepps	6	329	29,5	16,9	17,7	13,2	1,02	0,79
Sf. Tjörnesinga	9	318	28	15,6	15,9	8,7	0,70	0,56
<i>Samtals og meðaltal</i>	128	4.542	28,7	16,1	17,0	10,8	0,87	0,68
Árið 2008-2009	121	4.116	29,0	16,2	17,2	10,9	0,88	0,68
Sf. Keldhverfinga	10	475	27,7	16,2	16,8	11,5	0,91	0,72
Sf. Öxarfirðinga	22	1474	28,5	16,6	17,4	9,7	0,81	0,59
Sf. Sléttunga	5	386	27,8	16,2	16,4	10,0	0,75	0,62
Sf. Þistill	17	1268	28,9	15,9	16,3	9,5	0,77	0,60
Sf. Langnesinga	11	758	26,6	15,7	16,3	6,9	0,58	0,44
<i>Samtals og meðaltal</i>	66	4420	28,2	16,2	16,7	9,3	0,76	0,58
Árið 2008-2009	66	4253	28,4	16,2	16,9	9,6	0,79	0,60

Tafla 20. Þau fjárbú, sem höfðu besta vöðvafyllingu í föllum samkvæmt kjötmati.

Skýrsluhaldari	Fjöldi falla	Meðal fallþungi	Kjötmat	
			gerð	fita
<i>BSE</i>				
Guðrún Marinósdóttir Búrfelli Dalvíkurbyggð	122	21,02	11,47	8,31
Þór Jónsteinsson Skriðu Hörgársveit	119	17,07	11,28	6,61
Gestur Hauksson Ásgerðarstaðarseli Hörgársveit	54	17,56	11,06	7,96
Þór Aðalsteinsson Kristnesi Eyjafjarðarsveit	86	18,86	11,00	8,56
Birgitta og Róbert Staðarbakka Hörgársveit	24	17,75	11,00	7,63
Guðmundur og Sigrún Staðarbakka Hörgársveit	370	16,92	10,85	7,57
Félagsbúið Hvammi Hörgársveit	17	18,06	10,82	8,18
Sigurður og Margrét Staðarbakka Hörgársveit	305	16,98	10,79	7,64
Þríhyrningur ehf. Þríhyrningi Hörgársveit	16	19,58	10,63	7,88
Rauðilækur ehf. Neðri-Rauðalæk Hörgársveit	64	17,48	10,44	7,81
Þorsteinn Rútsson Þverá Hörgársveit	75	18,27	10,40	8,03
Helgi B. Steinsson Syðri-Bægisá Hörgársveit	164	18,17	10,38	8,04
<i>BSSÞ</i>				
Flosi og Unnur Hrafnstöðum Þingeyjarsveit	45	18,20	11,20	7,20
Sigurður og Helga Skarðaborg Reykjahverfi	1127	17,13	11,17	7,67
Ómar, Esther og Valþór Litlu-Reykjum Reykjahverfi	408	16,89	11,04	7,63
Eyþór Pétursson Baldursheimi Mývatnssveit	214	14,62	11,04	6,53
Sveinbjörn Þór Sigurðsson Búvöllum Aðaldælahreppi	146	19,06	10,98	7,79
Arngrímur Geirsson Álftagerði 3 Skútustaðahreppi	40	17,79	10,93	7,45
Félagsbúið Baldursheimi Skútustaðahreppi	451	15,01	10,93	6,55
Bergþóra Eysteinsdóttir Arnarvatni 4 Skútustaðahreppi	100	16,08	10,88	6,44
Jón Smári Eyþórsson Baldursheimi Skútustaðahreppi	39	14,70	10,62	6,00
Hrafnhildur Kristjánsdóttir Grænavatni 2 Skútustaðahreppi	103	14,44	10,62	6,10
Friðrik Jakobsson Álftagerði 4 Skútustaðahreppi	21	16,86	10,57	6,24
Agnar Kristjánsson Norðurhlíð Þingeyjarsveit	102	16,98	10,56	6,21
Vogabú Vogum 1 Skútustaðahreppi	122	18,86	10,53	7,84
Ásvaldur og Laufey Stóru-Tjörnum Þingeyjarsveit	170	17,69	10,47	6,45
Egill Freysteinnsson Vagnbrekku Skútustaðahreppi	245	15,78	10,47	6,31
<i>BSSÞ</i>				
Félagsbúið Flögu Svalbarðshreppi	173	15,96	11,80	7,22
Benedikt og Erla Þverá Öxarfirði	436	18,05	11,65	7,79
Halldór og Elín Bjarnastöðum Öxarfirði	705	16,71	11,40	7,44
Dagbjartur Bogi Ingimundarson Brekku Öxarfirði	591	16,68	11,29	6,95
Bjarki Fannar Karlsson Hafrafellstungu Öxarfirði	771	16,16	11,11	7,09
Urðir ehf Sandfellshaga 1 Öxarfirði	799	16,63	10,75	7,61
Félagsbúið Hagalandi Svalbarðshreppi	425	16,02	10,6	6,27
Félagsbúið Sandfellshaga Öxarfirði	526	17,51	10,59	8,13
Jón Halldór og Guðný Ærlæk Öxarfirði	842	16,33	10,59	7,48
Soffía og Jónas Garði Svalbarðshreppi	546	16,85	10,58	7,52
Brynhildur Óladóttir Skeggjastöðum Langanesbyggð	48	17,96	10,56	7,58
Grímur Jónsson Klifshaga 1 Öxarfirði	65	17,97	10,54	8,12
Stefán Pétursson Klifshaga 2 Öxarfirði	682	17,16	10,49	8,01
Sigurður og Alda Presthólum Öxarfirði	492	16,59	10,43	7,48
Gunnar og Kristín Sveinungsvík Svalbarðshreppi	624	17,08	10,41	7,33

Tafla 21. Þeir hrútar sem höfðu bestu vöðvafyllingu í föllum afkvæma samkvæmt kjötmati.

Hrútur, nr. og nafn	Bær	Faðir	Fjöldi falla	Meðal- fallþungi	Kjötmat	
					gerð	fita
<i>BSE</i>						
09-290 Spónn	Staðarbakka	07-812 Prjónn	12	17,2	12,50	7,33
09-039 Bæsi	Auðnum 1	08-100 Lambás	12	19,0	12,50	8,33
09-353 Vöðvi	Búrfelli	05-803 Krókur	18	20,7	12,33	8,28
08-180 Klaki	Staðarbakka	05-803 Krókur	30	17,5	12,20	8,00
09-706 Kubbur	Ytri-Bægisá 2	07-811 Mjóður	12	19,3	12,00	8,67
08-286 Álfur	Staðarbakka	05-965 Kveikur	30	18,1	12,00	7,77
08-100 Lambás	Fjarr.f. Neisti	06-995 Bjálki	118	18,5	11,87	7,39
07-175 Börkur	Staðarbakka	05-803 Krókur	35	16,7	11,86	7,91
08-181 Glæsir	Staðarbakka	05-803 Krókur	50	17,1	11,78	7,90
09-102 Sómi	Syðri-Bægisá	08-099 Bjarni	23	17,8	11,65	7,74
09-291 Pinni	Staðarbakka	07-812 Prjónn	15	17,4	11,60	7,60
09-193 Þjónn	Staðarbakka	07-812 Prjónn	20	16,6	11,60	7,70
09-057 Ás	Skriðu	08-057 Fálki	20	17,1	11,60	6,25
09-096 Lambi	Staðarbakka	08-100 Lambás	16	17,1	11,56	7,75
09-390 Angi	Litla-Dunhaga	08-100 Lambás	12	18,9	11,50	9,08
<i>BSSÞ</i>						
09-669 Hnappur	08-660 Trans	Baldursheimi 1	42	15,20	12,21	7,10
09-281 Þokki	03-945 Lundi	Arnarvatni 4	15	16,79	12,20	6,27
09-113 Kristall	06-105 Kostur	Skarðaborg	24	17,24	12,13	8,08
09-118 Bolt	06-152 Ylur	Skarðaborg	20	17,75	12,05	8,05
09-562 Kvistur	05-966 Raftur	Hrafnsstöðum	12	17,91	12,00	7,00
09-111 Loki	07-843 Frosti	Stóru-Tjörnum	64	17,86	11,98	6,64
07-278 Sindri	04-470 Spegill	Arnarvatni 4	22	16,25	11,95	6,77
08-025 Gjafar	06-477 Kassi	Norðurhlíð	26	17,88	11,92	6,69
09-114 Straumur	06-105 Kostur	Skarðaborg	10	17,35	11,90	8,20
09-106 Krókur	05-803 Krókur	Skarðaborg	17	17,31	11,88	7,82
09-487 Keli	08-660 Trans	Baldursheimi 3	44	14,47	11,75	6,66
09-115 Þráður	07-812 Prjónn	Skarðaborg	35	17,46	11,69	7,11
09-262 Suddi	05-965 Kveikur	Litlu-Reykjum	19	16,71	11,63	6,84
05-124 Spakur	00-911 Snúður	Skarðaborg	72	17,31	11,58	7,74
<i>BSNÞ</i>						
08-263 Prettur	06-154 Bruni	Flögu	56	16,22	12,93	7,57
08-100 Blær	06-100 Andvari	Hafrafellstungu 1	129	15,97	12,47	6,87
08-282 Glitnir	06-998 Dropi	Þverá	100	17,87	12,26	8,01
09-146 Köttur	04-992 Cat	Valþjófsstöðum 1	13	17,76	12,15	7,54
09-285 Messi	05-966 Raftur	Þverá	32	18,44	12,03	7,91
09-286 Fabio	05-283 Glæsir	Þverá	18	17,62	12,00	7,78
09-041 Ljómi	05-965 Kveikur	Gunnarsstöðum	22	15,97	11,95	6,09
09-244 Öngull	06-245 Sjóður	Brekku	30	15,37	11,90	6,83
07-843 Frosti	05-966 Raftur	Bjarnastöðum	135	16,58	11,87	6,92
05-730 Leó	04-152 Kubbur	Bjarnastöðum	71	16,27	11,85	7,56
07-243 Lokkur	02-923 Lómur	Brekku	125	17,38	11,82	7,13
07-255 Gjafar	05-751 Spotti	Klifshaga 2	11	17,22	11,82	8,73
06-245 Sjóður	03-945 Lundi	Brekku	81	16,50	11,78	6,84
08-683 Rapp	06-544 Mjaldur	Sandfellshaga 2	31	17,88	11,77	7,77
09-716 Klóni	06-161 Goli	Sandfellshaga 1	62	16,63	11,77	7,85
09-151 Lói	07-844 Jökull	Bjarnastöðum	36	16,91	11,75	7,72
09-116 Spolli	05-751 Spotti	Ærlæk	25	16,76	11,72	7,72

Tafla 22. Þeir hrútar sem gáfu fituminnstu föllin með að lágmarki 10 lömb og 8,5 í gerð.

Hrútur, nr. og nafn	Bær	Faðir	Fjöldi falla	Meðal- fallþungi	Kjötmat	
					gerð	fita
<i>BSE</i>						
07-202 Frakki	Hólsgerði	05-965 Kveikur	20	13,7	8,60	4,25
06-217 Rindill	Hólsgerði	01-546 Vísir	25	13,7	8,72	5,16
09-418 Baldur	Bárðartjörn	03-945 Lundi	22	15,2	8,55	5,27
06-407 Huginn	Leyningi	00-910 Otur	11	16,4	8,55	5,27
09-054 Stubbur	Hrúshóli	08-048 Nebbi	17	17,6	11,18	5,35
08-134 Óttar	Rífelsstöðum I	05-966 Raftur	34	15,1	9,06	5,35
07-204 Hrekkur	Hólsgerði	03-957 Gráni	25	14,6	9,32	5,36
08-020 Ragnarinn	Laufási	05-965 Kveikur	84	15,0	9,11	5,39
09-053 Randi	Hrúshóli	08-048 Nebbi	15	16,9	9,40	5,40
07-593 Dalur	Hrafnsstöðum	06-773 Geisli	36	16,2	8,50	5,42
08-065 Kölski	Laufási	05-965 Kveikur	89	15,1	9,42	5,43
09-420 Flekkur	Syðri-Brennihóli	08-100 Lambás	37	15,9	9,05	5,43
09-384 Fannar	Bringu	05-969 Hvellur	13	15,9	9,38	5,46
09-669 Eyvindur	Laufási	08-021 Klettur	25	14,1	8,60	5,48
<i>BSSÞ</i>						
09-482 Freddi	07-810 Freyðir	Rauðá	25	14,46	8,72	4,88
08-039 L.Raftur	05-966 Raftur	Víðikeri	60	14,84	9,10	5,00
09-393 Skuggi	06-806 At	Kambsstöðum	18	15,21	9,17	5,00
08-179 Högni	04-992 Cat	Grænavatni 1	40	13,91	8,90	5,00
05-166 Máni	02-913 Frosti	Grænavatni 1	43	13,89	8,70	5,09
07-124 Refur	05-966 Raftur	Heiðarbraut	38	15,02	9,26	5,13
09-027 Kjarkur	07-027 Ossy	Syðri-Sandhólum	30	15,52	9,30	5,13
08-303 Köngull	04-964 Papi	Einarsstöðum	19	15,36	9,26	5,16
08-050 Róni	07-837 Hriflon	Hriflu	37	15,56	9,14	5,24
09-198 Gammur	05-803 Krókur	Fagraneskoti	39	15,83	9,77	5,26
08-273 Spakur	05-965 Kveikur	Fornhólum	35	15,83	9,29	5,26
09-026 Flotti	05-804 Gotti	Syðri-Sandhólum	46	15,27	9,11	5,26
08-366 Dropi	01-308 Ljúfur	Sílalæk	43	14,89	9,53	5,28
09-008 Þór	05-965 Kveikur	Stafni	32	16,94	9,13	5,31
09-199 Hryggur	05-802 Garður	Fagraneskoti	35	15,83	8,77	5,31
<i>BSNÞ</i>						
07-043 Lommi	04-048 Blómi	Brúarlandi	38	14,19	8,55	5,18
07-103 Sótraftur	05-966 Raftur	Gilsbakka	110	13,85	8,98	5,30
08-074 Mörsson 08125	07-077 Mör	Brúarlandi	49	14,62	9,22	5,33
08-126	06-994 Bifur	Gilsbakka	90	14,45	9,30	5,44
08-785 Maríó	07-175 Vaskur	Leifsstöðum	24	14,62	9,13	5,46
05-127 Lúsifer		Brúarlandi	38	14,32	8,71	5,47
09-311 Funi	06-154 Bruni	Holti	19	14,01	8,63	5,47
09-002 Api	04-964 Papi	Fjöllum 1	23	13,65	9,57	5,52
09-061 Kraftur	08-050 Toppur	Hvammi 1	41	13,22	9,32	5,54
09-314 Hjálmar	06-807 Púki	Holti	32	14,91	10,25	5,56
09-191 Börkur	04-813 Ás	Miðfjarðarnesi	16	14,91	8,75	5,56
09-153 Þráður	05-965 Kveikur	Hagalandi	23	16,09	11,26	5,57
09-012	04-962 Bobbi	Sauðanesi	24	14,64	8,88	5,58
08-312 Tolli	05-393 Snúlli	Leirhöfn 1	15	14,20	8,80	5,60
07-123	05-968 Ljúfur	Gilsbakka	91	14,57	8,69	5,63
07-171 Halli	01-883 Hylur	Gilsbakka	46	14,14	9,57	5,67
08-259 Boli	06-255 Blíður	Borgum	36	14,69	8,50	5,69